

Ár 1986, mánudaginn 30. júní, var í málinu nr. 4/1985 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Í máli þessu er til úrlausnar, hvort Tónlistarfélaginu, Reykjavík, sé skylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 17 við Garðastræti í Reykjavík. Í bréfi félagsins, dags. 29. apríl 1986, segir meðal annars svo:

"Skólahald félagsins fer fram í húsi félagsins að Skipholti 33, sv og að Laugavegi 178 og loks að Garðastræti 17, þar sem fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskólans, Árni Kristjánsson hefur aðstöðu fyrir sína nemendur, en hann starfar ennþá áfram sem píanókennari, eftir að hann lét af skólastjórarstarfinu. Þar hafa einnig erlendir tónlistarmenn, sem hingað koma á vegum félagsins, aðstöðu til undirbúnings hljómleikum sínum.

Nemendur Tónlistarskólans eru nú 246.


Að öðru leyti en að framan er greint er húsnæði félagsins að Garðastræti 17 eingöngu notað sem félagsheimili í sambandi við félagsstarfsemi Tónlistarskólans en aldrei notað til útleigu eða á annan hátt í fjáröflunarskyni. Það fullnægir því að mínu áliti undanþáguskilyrðum 5. gr. laga nr. 73/1980 um undanþágu frá fasteignaskattsskyldu."


Af hálfu Reykjavíkurborgar er því haldið fram, að ofangreind fasteign sé eigi undanþegin fasteignaskatti.


Ákvæði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undanþekningarákvaði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verða þannig aðeins talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. málsg. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili. Eigi liggur fyrir, að umrædd fasteign fullnægi síðastgreindu skilyrði. Ekki verður heldur séð, að fasteignin geti talist skóli í skilningi umræðra undanþáguákvæða eða sé af öðrum ástæðum undanþegin fasteignaskatti.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Skylt er að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 17 við Garðastræti í Reykjavík.


Gaukur Jónsson.


Pétur Stefánsson.


Arni Stefánsson.